



Skipulagsstofnun  
b.t. Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 2. feb. 2022  
USK21120093

### ***Þróun Sundahafnar- Umhverfismatsskýrsla –umsögn.***

Vísað er í bréf skipulagsstofnunar frá 10. 12. 2021 varðandi beiðni um að gefa umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) tekur undir athugasemdir í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi vöktun lífríkis. USK hefur áður bent á t.d. í umsögnum um efnistöku á hafsbotni við Engey að nauðsynlegt sé að fram fari vöktun á lífríki. Á eyjunum í kring er mikið varp sjófugla sem sækja fæðu á svæðinu. Engey er á náttúruminjaskrá og er hverfisvernduð í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

USK tekur undir áhyggjur HER af mögulegum samlegðaráhrifum af öðrum framkvæmdum. Einnig tekur USK undir áhyggjur af því að menguð efni geti lekið úr fyllingum og að ástæða sé til að fylgjast með því sem og að æskilegt sé að gera ráð fyrir hreinsun ofanvatns af hafnarsvæðinu.

Í skýrslunni er fjallað um væntanlega fyllingu við Klettagarða norðan við Laugarnes sem er vegna mögulegrar stækkunarþarfar skolphreinsistöðvar. Sú fylling er sögð í hvarfi við landfyllingu sem þegar er komin.

USK gerði athugasemdir við þá fyllingu, í umsögn til umhverfis- og heilbrigðisráðs í nóvember 2018, vegna nálægðar við Laugarnes og skerðingar á útsýni til Viðeyjar sem hefur verið lítt eða óbreytt í aldir.

Þó uppbygging á fyllingunum sé ekki hér til umfjöllunar verða þær þó vettvangur fyrir einhverjar byggingar og þá er hætt á að þessari sjónlínu verði enn frekar raskað og enn meira gengið á rými og útsýni frá Laugarnesi. USK telur vert að minna á þetta til brýningar um að vanda uppbyggingu á þessum fyllingum.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,

Þórólfur Jónsson  
deildarstjóri náttúru og garða

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**  
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Hafnarfirði, 04.02.2022  
MFRI: 2021-12-0370

### **Efni: Þróun Sundahafnar - Umhverfismatsskýrsla**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 10. 12. 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna umhverfismatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar. Skipulagsstofnun fer fram á að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í umsögn umsagnaraðila skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Um er að ræða ýmsar framkvæmdir á vegum Faxaflóahafna, eins og landfyllingar vegna lengingar á Skarfabakka, stækkun á Kleppsbakka og lengingu Sundabakka og Vogabakka, auk landfyllingar utan við skólphreinsistöð Veitna við Klettagarða. Einnig fjallar umhverfismatsskýrslan um dýpkun Viðeyjarsunds þar sem áætlað er að taka 3.150.000 m<sup>3</sup> efni af hafsbotni. Gert er ráð fyrir að efnið verði aðallega notað í ofangreindum landfyllingum, en umframefni verði mögulega losað í grennd við Engey eða í öðrum landfyllingum á vegum Reykjavíkurborgar.

Framkvæmdirnar eru aðallega ætlaðar til að auðvelda móttöku stærri skipa, einkum nýrra flutningaskipa en einnig til að taka á móti stærri skemmtiferðaskipum og öðrum skipum.

Lagt er mat á líkleg áhrif á fuglalíf, botnset og botngerð, laxfiska, hljóðvist og strauma. Það er mat Faxaflóahafna að á heildina litið verði umhverfisáhrif framkvæmdanna óverulega neikvæð.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og gerir nokkrar athugasemdir við það.

Tekið er undir að umhverfisáhrifin af þessari tilteknu framkvæmd á lífríki svæðisins verði líklega ekki mjög mikil ein og sér því svæðið er þegar raskað. En æskilegt væri að skoða heildaráhrif þeirra framkvæmda sem hafa verið á svæðinu og er gert ráð fyrir í framtíðinni, m.a. frekari landfyllingar í grennd við Elliðaárósa á vegum Reykjavíkurborgar, Sundabraut o.fl. en heildaráhrif geta verið mjög mikil.

## 1) Áhrif á straumar og botnset

Í umhverfismatsskýrslunni er gert ráð fyrir að sjávarfallastraumar minnki á hluta svæðisins, sérstaklega sunnan við Viðey og í Kleppsvík, vegna dýpkunarframkvæmda. Fram kemur að minnkunin á sjávarfallastraumum geti numið allt að um 50%, frá 9 cm/s niður í 5 cm/s í stórstraum, sem er veruleg minnkun. Til þess að meta áhrifin betur, vantar þó nokkrar upplýsingar í skýrslu Vatnaskila. Þetta eru upplýsingar eins og um hverskonar líkan var notað í matinu og upplausn þess (lárétt og lóðrétt). Ekki voru upplýsingar um stillingar í líkaninu, t.d. um hvort líkanið geri ráð fyrir lagskiptingu vegna ferskvatns frá Elliðaárum á yfirborðinu. Ekki er greint frá því hvort straumhraði sé meðalstraumur frá yfirborði til botns. Hugsanlega er t.d. útfall meira á yfirborði, og straumhraðinn í dýpkuðu svæði við botn ennþá minni.


Skoða mætti betur hver áhrif yrðu af því að straumhraði minnki um allt að 50% vegna framkvæmdanna en áhrif á setsöfnun og búsvæði botnsins geti verið talsverð við slíka breytingu. Áhrifin geta verið til dæmis á súrefnisbúskap setsins þegar endurnýjun og blöndun sjávar minnkar.

## 2) Efnislosun við Engey

Samkvæmt umhverfismatsskýrslunni er gert ráð fyrir að umframefni úr dýpkunaraðgerðum sem nýtist ekki í landfyllingum verði losað í gamlar malargryfjur við Engey. En þó nokkurt ósamræmi er í umhverfismatsskýrslunni um staðsetningu losunarsvæðisins, norðaustan eða norðvestan við Engey.

Fjallað er ítarlega um gruggmyndun og hversu langt gruggið fer þegar það er losað. Í umfjölluninni er oftast talað um magn sets í rúmmáli sjávar en ekki hversu mikið magn er líklegt til þess að setjast á öröskuð búsvæði. Mat framkvæmdaraðila á hver áhrif gruggmyndunar á umhverfið sé að þau séu hverfandi. Samkvæmt loftmyndum frá map.is sést þó að gruggmyndun getur verið sjáanleg í um 500 m fjarlægð frá dýpkunarskipi þegar það losar efni. Það er því ljóst að gruggmyndun getur verið á stærra svæði þar sem efni er losað. Mikilvægt er að áhrif á öröskuð búsvæði verði metin í framtíðarvinnu við framkvæmdir eins og þessa.





**Mynd 1.** Skjáskot af map.is sem sýnir dýpkunarskip losa efni í námu við Engey. Myndirnar eru frá 2005 og er kvarðinn (sjá vinstra horn myndanna) á vinstri myndinni 200 m en á hægri 100 m.

Einnig er bent á að breyting botngerðar úr mól í finna set sé líkleg til þess að hafa áhrif á búsvæði á botni. Æskilegt er að losa sem minnst magn af seti sem inniheldur mikið fínefni á svæðinu. Meiri líkur eru á því að fínt set sé mengað en grófara set, sérstaklega frá hafnarsvæðum. Fínt set er einnig líklegt til þess að dreifast lengra frá dæluskipum en grófara set með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Ef losa á efni í sjó er betra að losa það í straumhvörfum og útfalli til þess að lágmarka neikvæð áhrif af völdum sets og gruggs á lífríkið við Engey.

### 3) Mengað set

Talað er um í skýrslunni að mest mengaða setið sem fellur til vegna dýpkunar verði losað í landfyllingar við Vatnagarða og við Klettagarða. Mikilvæg er að mælingar verði gerðar á seti og að gengið sé úr skugga um að ekkert mengað set verði losað í sjó eða á staði þar sem það síðar gæti haft áhrif á lífríki.

### 4) Áhrif á Elliðaárósa

Bent er á að mótvægisáðgerðir sem lagaðar eru til séu líklegar til þess að auka á vandræði grunnsævis Elliðarárósa þar sem flutningur á fínefnum inn fyrir hafnarsvæðið grynki ósanna enn frekar.

Þá mætti skoða samlegðaráhrif ofangreindra dýpkunar- og hafnarframkvæmda, sem og fyrirhugaðra landfyllinga á vegum Reykjavíkurborgar í grennd við Elliðaárósa (Bryggjuhverfið) sem þrengir talsvert að ósasvæði og grunnsævi Elliðarárósa með líklega neikvæðum áhrifum á fuglalíf og ferskvatnsfiska.

### 5) Áhrif á laxfiska

Í kafla 4.5 í umhverfismatsskýrslunni þar sem fjallað er um áhrif framkvæmda á laxfiska eru niðurstöður dregnar saman í eftirfarandi setningum:

- Ekki er þrengt að farleiðum laxfiska



- Seiði og fullorðnir laxar eyða litlum tíma á framkvæmdasvæði Faxaflóahafna, synda hratt í gegn og nýta svæðið ekki til fæðuöflunar
- Gruggmyndun verður óveruleg og sambærileg fyrri framkvæmdum
- Auðvelt er fyrir laxfiska að komast fram hjá staðbundinni gruggmyndun við dæluskip
- Um helmingur gönguseiða fer austur og norður fyrir Viðey á leið sinni til sjávar og sleppur þannig við stærstan hluta framkvæmdasvæðisins
- Aukið álag er á stofna laxfiska vegna landfyllinga Reykjavíkurborgar í Elliðaavogi

Í framhaldinu kemur fram að byggt á ofangreindu er það niðurstaða Faxaflóahafna að áhrif framkvæmdarinnar á laxfiska séu óverulega neikvæð.

Hafrannsóknastofnun gerir athugasemdir við ofangreindar niðurstöður umhverfismatsskýrslunnar.

Fyrirhugaðar landfyllingar eru í heildina 14,2 ha og staðsettar á farleiðum göngufiska Elliðaáa (lax, urriði, bleikja og áll) um sundin við Viðey. Landfyllingarnar eru í öllum tilfellum framhald á núverandi landfyllingum og þegar horft er á heildarmagn landfyllinga (mynd 2.3 í umhverfismatsskýrslu) er ljóst að mikið hefur verið þrengt að farleiðum þessara fiska. Þessar landfyllingar hafa verið gerðar í áföngum, rétt eins og þær afmörkuðu landfyllingar sem kynntar eru í umhverfismatsskýrslunni. Hver og ein þeirra hefur þrengt það svæði sem göngufiskar hafa og þó áhrif einstakra afmarkaðra landfyllingar geti verið hverfandi eru líkur til að heildaráhrifin geti verið talsverð.

Rannsóknir sem gerðar voru árin 2001, 2002 (Sigurður Guðjónsson o.fl. 2002), 2017 og 2018 (Friðþjófur Árnason o.fl. 2021) sýndu að gönguseiði laxa ganga hratt frá ósi Elliðaáa og út sundin á leið sinni til hafs, eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu. Þessar rannsóknir gáfu þó engar upplýsingar um hvort seiðin nýti sér svæðið til fæðuöflunar. Fullorðnir laxar á leið úr hafi upp í Elliðaárnar dvöldu að jafnaði nokkra daga í og við ósa Elliðaáa áður en þeir gengu endanlega upp í ferskvatn Elliðaáa. Á þessum tíma fóru þeir gjarnan nokkrar ferðir frá ósi og út á sundin inn á áhrifasvæði framkvæmdanna. Mikilvægt er einnig að hafa í huga að í umhverfismatsskýrslu er eingöngu fjallað áhrif á lax. Nefna má að sjóbirtingur sem merktur var bæði í Elliðaáam og Leirvogsa nýtir ósasvæði Elliðaáa og sundin þar á milli til fæðuöflunar meðan á sjávardvöl yfir sumartímamann stendur (Friðþjófur Árnason o.fl. 2021) og líklegt er að sjóbirtingur úr Úlfarsá geri slíkt hið sama. Lítið er vitað um bleikju og ál sem gengur á milli ferskvatns og sjávar og nýtir sér framkvæmdasvæðið á leið úr og í Elliðaárnar.

Í rannsóknnum árin 2001 og 2002 kom fram að helmingur þeirra laxaseiða sem ferðir voru raktar út sundin, fóru austur fyrir Viðey (um sunnið milli Viðeyjar og Gufuness) og helmingur um Viðeyjarsund, milli Viðeyjar og Sundahafnar. Eingöngu 19 laxaseiði liggja að baki þessum niðurstöðum (8 árið 2001 og 11 árið 2002) og hér eru því aðeins um vísbendingar að ræða. Einnig er rétt að minna á að töliverður hluti framkvæmda sem umhverfismatsskýrslan fjallar um, sérstaklega framkvæmda við dýpkun, er á því svæði sem allir göngufiskar á leið í eða úr Elliðaáam fara um, hvort sem þeir ganga austur eða suð-vestur fyrir Viðey.

Ekki verður séð að aukið álag á stofna laxfiska vegna landfyllinga Reykjavíkurborgar í Elliðavogi geti verið atriði sem styður mat Faxaflóahana um að áhrif framkvæmdarinnar á laxfiska séu óverulega neikvæð. Neikvæð áhrif einnar framkvæmdar á lífríki og fiskstofna Elliðaáa ættu að fela í sér að komið sé í veg fyrir frekari áhrif vegna annarra framkvæmda eða gripið sé til mótvægisáðgerða.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að sem mótvægisáðgerðir vegna hugsanlegra neikvæðra áhrifa verði áhrif framkvæmdarinnar á laxfiska metin. Síðar kemur fram að fiskistofnar í Elliðaánum séu vaktaðir með ítarlegum rannsóknum á hverju ári og komi í ljós við þá vöktun eitthvað sem hægt er að rekja til framkvæmda Faxaflóahafna verði brugðist við í samráði við tilheyrandi aðila, t.d. Fiskistofu og/eða Hafrannsóknastofnun. Óljóst er hvernig meta eigi áhrif framkvæmdarinnar eftir. Einnig er óljóst hvernig þær vöktunarrannsóknir sem þegar fara fram í Elliðaáam geti aðgreint áhrif framkvæmda við landfyllingar og dýpkun frá öðrum þáttum, bæði náttúrulegum og af mannavöldum, sem haft geta áhrif á afkomum fiska í Elliðaáam sem nýta ósasvæði og sundin utan ósa Elliðaáa á farleiðum sínum.

#### Heimildir:

Friðþjófur Árnason, Hlynur Bárðarson, Sigurður Óskar Helgason og Jóhannes Sturlaugsson. 2021. Farleiðir laxa og urriða á ósasvæðum Elliðaáa og Leirvogsár árin 2017 og 2018. Hafrannsóknastofnun, HV 2021-06.

Sigurður Guðjónsson, Ingi Rúnar Jónsson, Þórólfur Antonsson og Jóhannes Sturlaugsson. 2002. Rannsóknir á farleiðum og gönguáttum laxafiska á ósasvæði Elliðaána 2001 og 2002. Veiðimálastofnun, VMST-R/0220.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir





Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK  
Ísland

Reykjavík, 31. janúar 2022

Tilvísun: 2022010233

## Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um umhverfismatsskýrslu fyrir þróun Sundahafnar

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til rýni umhverfismatsskýrslu Faxaflóahafna fyrir þróun Sundahafnar sem er til kynningar á vef Skipulagsstofnunar. HER hefur farið yfir matsskýrsluna og gerir eftirfarandi umsögn.

### Almennt um umhverfismatsskýrsluna

- HER gerði athugasemdir við tillögu að matsáætlun vegna þróun Sundahafnar í bréfi til Skipulagsstofnunar 1. febrúar 2021. Tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem þar komu fram að einhverju leyti en öðru þarf að mati HER að skerpa á. Í fyrri umsögn vakti HER athygli á starfsleyfis skyldu á starfssviði umsagnaraðila, ef nota á efni frá framkvæmdum í landfyllingu lítur HER svo á að þar sé um að ræða endurnýtingu á úrgangi í skilningi laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í apríl 2021 leitaði HER álits Umhverfisstofnunar (UST) á því hvort notkun á jarðefnum frá uppgreftri til landfyllingar eða landmótunar falli undir lið 19 Endurnýting úrgangs, í viðauka IV við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og sé þar með starfsleyfis skyld starfsemi. Í svari UST kom fram eftirfarandi “Umhverfisstofnun telur að notkun á jarðefnum frá uppgreftri, t.d. úr húsagrunnum, til landmótunar eða landfyllingar, geti fallið undir að vera endurnýting í skilningi 19. t.l. í IV. viðauka við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sé markmiðið sannarlega að endurnýta úrganginn til landmótunar en ekki einungis að losa sig við hann, þ.e. farga honum”. HER ítrekar því að endurnýting úrgangs er starfsleyfis skyld starfsemi hjá HER sbr. lið 19 í viðauka IV við lög nr. 7/1998. Endurnýting úrgangs þar sem meðhöndluð eru meira en 500 tonn af úrgangi á ári er ennfremur tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar, sbr. lið 11.12 í viðauka I við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og fellur í B flokk framkvæmda þ.e. Skipulagsstofnun metur hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Taka þarf ákvörðun um matsskyldu áður en framkvæmdir hefjast. Ekki er minnst á að þættir framkvæmdarinnar séu háðir starfsleyfi HER í matsskýrslunni né kemur fram að fyrirhugað sé að tilkynna endurnýtingu úrgangs til Skipulagsstofnunar til að meta matsskyldu. Úr þessu þarf að bæta. Landfyllingarnar eru áfangaskiptar og þarf starfsleyfi í hverjum áfanga.





- Í matsskýrslunni er farið ítarlega í rannsóknir á botndýralífi, fuglum og laxi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í umfjölluninni er tekið fram að búsvæði fugla og göngusvæði laxa séu ekki alveg við framkvæmdasvæðið en eins og HER hefur bent á getur áhrifa gætt m.a. á fæðuöflunarsvæðum. Ekki er gert ráð fyrir neinni vöktun á áhrifum á lífríkið í matsskýrslunni. HER ítrekar frá fyrri umsögn þá skoðun að slík vöktun sé nauðsynleg. Sé dýpkunarefni komið fyrir í gömlum námum s.s. við Engey eða annarsstaðar á hafsbotni þarf að mati HER að fylgjast með svæðinu og mögulegum áhrifum þess að koma menguðu efni fyrir. HER hefur ítrekað bent á að vakta þurfi efnisvarp í hafið í Faxaflóa, sérstaklega við Engey og að nauðsynlegt sé að binda framkvæmdir skilyrði um slíka vöktun. HER telur því að bæta þurfi kafla um vöktun inn í matsskýrsluna og gera grein fyrir því hvernig staðið verður að vöktun, tíðni hennar og umfangi. Í Engey og hinum eyjunum á sundinu eru varpsvæði fugla og sækja þeir fæðu sína á svæðið. HER telur að kanna þurfi hvort mengun frá dýpkunarefni geti haft áhrif á fæðu þeirra. Í setinu eru m.a. þungmálmur sem safnast geta saman í lífkeðjunni og efnið tribútyltin sem er sérlega eittrað fyrir lífverur. Langtímaáhrif slíkrar mengunar getur haft áhrif á vöxt og viðgang fuglalífs á svæðinu. Þá vill HER einnig benda á að í kafla um setflutninga er gert ráð fyrir því að framkvæmdir gætu leitt til þess að fínefni safnaðist fyrir í höfninni en hægt væri að flytja það að Elliðavogi og Grafarvogi. HER telur það alls ekki æskilegt þar sem líklegt er að setið sé orðið mengað. Slíkur setflutningur gæti því leitt til óæskilegra áhrifa á lífríki í Elliðavogi og Grafarvogi.
- Tekið er tillit til ábendinga HER um að meta þurfi samlegðaráhrif framkvæmdarinnar við aðrar fyrirhugaðar stórfamkvæmdir við Elliðavog. Að mati HER þyrfti þó að fara ítarlegar í þessi samlegðaráhrif en gert er. Skoða þarf sérstaklega hvaða framkvæmdir gætu verið í gangi á sama tíma þar sem víxláhrif þeirra geta aukið umhverfisáhrif á lífríkið.
- Í matsskýrslunni kemur fram að fyrirhugað sé að koma mengaðasta setinu frá dýpkunarframkvæmdum fyrir í landfyllingum í stað þess að losa það á hafsbotni. Gert er ráð fyrir því að koma efninu fyrir fjær ströndinni og loka það af með hreinu efni og grjótgarði. Hafa ber í huga að fara þarf eftir reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og þeim mörkum sem þar eru sett við ákvörðun á hæfi efnisins til notkunar. Ekki er minnst á þá reglugerð í matsskýrslunni. HER telur einnig æskilegt að gert verði ráð fyrir vöktun á því hvort mengandi efni séu að losna úr landfyllingunni, bæði út í sjó og svo mögulega á landi. Nýjustu rannsóknir á hækkun sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga benda til þess að hækkun sé meiri og hraðari en áður var talið og meta þarf álag á landfyllinguna m.t.t. nýjustu gagna.
- HER bendir á að umfjöllun um áhrif framkvæmdanna á loftgæði fjallar aðallega um möguleg áhrif á framkvæmdatíma en eins og fram kemur í skýrslunni munu fleiri skip geta lagst að bryggju eftir stækkun og dýpkun. HER telur því að meta verði hvaða áhrif sú aukning hefur á loftgæði en fyrirséð er að skip verða að keyra ljósavél þar til möguleiki á raftengingu er til staðar. Ljóst er einnig að sum skip hafa ekki möguleika á raftengingu þar sem ekki var gert ráð fyrir slíku við hönnun þeirra. Líkur eru því á að aukinn fjöldi skipa við bryggju leiði til aukinnar loftmengunar sem gæti haft áhrif á íbúðarbyggð.





- HER telur einnig að í skýrslunni séu áhrif umferðar þungra bifreiða og vinnuvéla á framkvæmdatíma vanmetin. Þó notað sé dýpkunarefni í landfyllingar þarf engu að síður að flytja talsvert magn af efni inn á svæðið landleiðina og leggst sú umferð ofan á það álag sem fyrir er. HER bendir á að ef dýpkunarefni reynist ekki henta til landfyllingar mun efnisþörf aukast. Meta þarf áhrif á loftgæði við Sæbraut miðað við mestu mögulega efnisflutninga.
- Fjallað er um áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist og sýnt á mynd hvar hávaði eykst og hvar hann minnkar á íbúðarsvæðum. Þessi umhverfisþáttur er sá eini sem talinn er hafa talsverð neikvæð áhrif. Í sviðsmynd 1 sem gerir ráð fyrir óbreyttri starfsemi en stækkun hafnarinnar er gert ráð fyrir hækkun á bilinu 0 – 4 dB á sumum íbúðarsvæðum en lækkun á bilinu 0-3 dB á öðrum. Að mati HER eru þetta óverulegar hækkunir/lækkunir og sennilegra að munur á hljóðstigi verði mun meiri með auknum umsvifum. Miðað er við mælingar frá 2015 við mat á grunnástandi en æskilegt væri að miða við nýrri gögn þar sem breytingar hafa orðið á undanförunum árum. Betur þarf að gera grein fyrir dreifingu hávaða frá hafnarsvæðinu, t.d. með dreifningarkorti sem sýnir jafngildishljóðstig í íbúðarbyggð. Einnig þarf að meta áhrif á íbúðarbyggð sem byrjuð er að rísa í Gufunesi og komandi íbúðarbyggð við Ártúnshöfða og Bryggjuhverfi. Fram kemur í matsskýrslunni að hávaði frá hafnarsvæðinu fer yfir mörk reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða, bæði á dagtíma en sérstaklega á næturtíma. Þá segir að miðað við grunnástand ætti hávær hafnarstarfsemi við Sundahöfn, s.s. löndunarstarfsemi, ekki að vera að nóttu til, þ.e. á tímabilinu kl. 23 – 07, og ætti einnig að vera takmörkuð að kvöldi til eftir kl. 19. Í kjölfar aukins fjölda kvartana um hávaða frá hafnarsvæðinu gerði HER kröfu á skipafélögin að leita leiða til að koma í veg fyrir ónæði. Í svörum þeirra kom fram að ekki væri unnt að hætta vinnu á nóttunni. Stór partur af ónæðinu sem HER staðfesti var vegna ljósavéla skipa en þær eru misháværar. Gera þyrfti ráð fyrir þessum mismun við mat á hávaða frá svæðinu. Sviðsmynd 2 sem gerir ráð fyrir rafvæðingu hafnarinnar og sviðsmynd 3, að skerma af með byggingum eru mótvægisáðgerðir sem aðeins er gert ráð fyrir að leiði til 1-2 dB lækkunar á hljóðstigi í íbúðarbyggð. Lagðar eru til ýmsar aðrar mótvægisáðgerðir í samvinnu við skipafélögin en eftir stendur að hávaði frá hafnarsvæðinu mun enn vera yfir mörkum reglugerðar, a.m.k. á nóttunni. Auknar kvartanir til HER á síðustu árum benda til þess að álag vegna hávaða frá höfninni hafi áhrif á lífsgæði íbúa og að óþol gagnvart ónæði fari vaxandi. HER telur ekki nægjanlega gerð grein fyrir þeim áhrifum sem þetta kemur til með að hafa á íbúa og samfélagið þar sem höfnin verður staðsett þarna næstu áratugi. Íbúðarsvæðum í nágrenni hafnarinnar er að fjölga, uppbygging er í Vogahverfi, Ártúnshöfða, Bryggjuhverfi og Gufunesi svo fjöldi þeirra sem búa á áhrifasvæði hafnarinnar mun aukast mikið á næstu árum. HER vill einnig benda á að gera þarf betur grein fyrir áhrifum hávaða á framkvæmdatíma, vegna aukinnar umferðar, losunar efnis og vinnu við uppbyggingu og landfyllingu. Í matsskýrslu er gert ráð fyrir óverulegum hávaða við losun og flutning efnis en miðað við reynslu frá öðrum athafnasvæðum telur HER að þessi áhrif séu vanmetin.





- Loks vill HER koma inn á vöktun á hávaða sem nefnd er sem mikilvægasta mótvægisáðgerðin. HER tekur undir mikilvægi þess að vakta hávaða sem berst frá hafnarsvæðinu en slík vöktun er í sjálfri sér ekki áðgerð sem kemur í veg fyrir hávaða. Tilgreint er að hægt sé að nota niðurstöður til þess að bregðast við t.d. með takmörkunum á vinnu en eins og komið er inn á er vinna við höfnina á forræði skipafélaga, ekki Faxaflóahafna og því erfitt að sjá hvernig á að knýja á um úrbætur. Gera þyrfti áðgerðaráætlun með skilgreindum viðbrögðum Faxaflóahafna og annara aðila við staðfestu ónæði. Einnig telur HER að skoða hefði átt sviðsmynd sem gerði ráð fyrir auknum umsvifum í hafnarstarfsemi. Benda má á spár um fjölgun í komum skemmtiferðaskipa á næstu árum. Þá er ólíklegt að dragi úr umsvifum við fraktflutninga til framtíðar í stækkandi þjóðfélagi. HER telur að það eigi að vera útgangspunktur við skipulag hafnarsvæðisins og eðlileg krafa að skipulag og útfærsla hafnarsvæðisins og vinnu innan þess verði með þeim hætti að hávaði fari ekki yfir viðeigandi mörk í hávaðareglugerð.
- HER vill leiðrétta misskilning sem kemur fram í kafla 4.6.5. Dagleg umsvif notenda hafnarinnar, t.d. vinna með krönum, flutningabílum, landanir og gámaflutningar. sé starfsleyfisskyld starfsemi hjá HER. Hins vegar er rekstur verkstæði og geymsla gas og annarra hættulegra efna starfsleyfisskyld hjá HER en sú starfsemi er ekki uppspretta hávaðaónæðis sbr. vartanir sem hafa borist HER undanfarin ár.
- Í umsögn um tillögu að matsáætlun benti HER á nauðsyn þess að kanna aðra valkosti fyrir staðsetningu hafnarinnar í ljósi fjölgunar íbúa í nágrenni Sundahafnar og staðfests ónæðis frá svæðinu. Þeir valkostir sem lagðir eru fram eru allir metnir ófullnægjandi. HER telur að skoða ætti málið betur, sérstaklega með tilliti til þess að flytja hluta aðstöðunnar til að draga úr álagi. T.d. mætti finna stað fyrir skipalægi fyrir sérstaklega hávær skip og þau sem ekki geta nýtt sér raftengingu.
- Loks vill HER benda á að engin umfjöllun er um frárennsli frá hafnarsvæðinu þ.e. ofanvatn. HER bendir á að mikil umferð bíla og tækja er um svæðið og geta mengandi efni s.s. olíur og glussar lekið af þeim. Því væri æskilegt að ofanvatn færi um settjarnir eða olíuskiljur á leið í viðtaka. Einnig má benda á að skipafélögin eru með aðstöðu til gámapvotta og eru notuð hreinsiefni til þeirra starfs. Æskilegt er að komið verði við mengunrvörnum við frárennsli frá þrifunum við endurskipulag á hafnarsvæðinu.

#### Athugasemdir við einstaka kafla:

**Kafla 2.5 Leyfisveitingar.** Hér er aðeins tekið fram að framkvæmdirnar séu háðar framkvæmdaleyfi frá Reykjavíkurborg. Einnig þarf að taka fram að starfsleyfi HER sé krafist vegna endurnýtingar úrgangs í landfyllingu.

**Kafla 3.2 Framkvæmd.** Efst á blaðsíðu 21 er vísað til kafla 3.2.2.1 varðandi áætlaða áfangaskiptingu landfyllinga. Hér er væntanlega um ranga tilvísun að ræða þar sem fjallað er um landfyllingarnar í kafla 3.2.1.





**Kafli 3.3.1.2 Minna umfang framkvæmda.** Ath: Framkvæmdir munu hafa lítil sem engin áhrif á íbúa Reykjavíkur, dýpkun og gerð landfyllinga eru ekki mjög háværar framkvæmdir. Þær athugasemdir sem Heilbrigðiseftirlitinu hafa borist vegna hljóðvistar hafa nær allar snúið að umsvifum notenda hafnarinnar, þ.e. skipafélögunum og starfsemi þeirra, einkum þegar gámar eru færðir til. Að minnka umsvif til þess að stytta framkvæmdatíma þjónar því litlum tilgangi.

**Kafli 3.5 Umferð.** Talið er í kaflanum að áhrif af umferðaraukningu vegna efnisflutninga verði óveruleg enda verði þörf fyrir aðkomið efni minni þar sem dýpkunarefni verði notað í landfyllinguna. HER telur að skoða þurfi - ath aukning þungaumferðar telur meira – mat á fjölda bíla etc. Í kaflanum kemur fram að ef ekki falli til mikið af burðarhæfu efni úr öðrum framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu þurfi að sækja það í námur sem gæti mögulega kallað á umferð fullhlaðinna vörubíla inn og út af svæðinu. Engin tilraun er gerð til að meta hvaðan af höfuðborgarsvæðinu efnisflutningar gætu átt sér stað, þ.e. hvar þær framkvæmdir sem gætu lagt til efni gætu átt sér stað, og hvað hefur að segja varðandi umferð vörubíla til og frá svæðinu.

**Kafli 4.3.4.1 Dýpkunarsvæði.** Í kaflanum er það ekki talinn möguleiki að gera efnamælingar á botnseti eftir að því er mokað upp og áður en það er losað. Það sé vegna þess að senda þurfi sýni erlendis og greiningar taki nokkrar vikur. Því verði stuðst við fyrri mælingar á botnssýnum og sjónskoðun. HER vill benda á að einnig er hægt að nota tæki sem nema rokjörn efni, svokallaðan sniffer, til að meta setið en einnig eru rannsóknastofur á Íslandi sem gætu gert greiningar á ýmsum efnum á styttri tíma. HER telur að nauðsynlegt sé að fara í slíkar aðgerðir til að meta hvort efnið standist kröfur í reglugerð um mengaðan jarðveg.

**Kafli 4.6.3. Grunnástand.** Í kaflanum segir að miðað við grunnástand ætti hávær hafnarstarfsemi við Sundahöfn, s.s. löndunarstarfsemi, ekki að vera að nóttu til, þ.e. á tímabilinu kl. 23 – 07, og ætti einnig að vera takmörkuð að kvöldi til eftir kl. 19. Skv. Upplýsingum sem HER hefur fengið frá skipafélögunum er ekki unnt að koma í veg fyrir vinnu á nóttunni. Slíkt ónæði verður því fasti sem gera þarf ráð fyrir við mat á hávaða.

**Kafli 4.6.4.1. Sviðsmynd 1: Stækkun Sundahafnar og óbreytt umfang hafnarstarfsemi.** Í kaflanum er er talið líklegt að stækkunin muni geta haft þau jákvæðu áhrif að meira pláss myndist fyrir starfsemina, þ.e. fleiri skip í einu munu geta legið við hafnarbakka, og mögulega verður þannig auðveldara fyrir fyrirtækin að minnka hafnarstarfsemi að nóttu til. HER vill taka fram að liggja fleiri skip við bryggju í einu munu þau eftir sem áður þurfa að keyra ljósavélar með tilheyrandi hávaði. Aukið pláss getur þannig líka leitt til aukningu hávaða.

**Karli 4.6.4.2. Sviðsmynd 2: Rafmagnstenging skipa.** Reiknað er með að rafmagnstenging skipa geti átt við um stærri skipin við Kleppsbakka og Vogabakka og að hljóðstig frá skipunum lækki um u.þ.b. 5 dB við rafmagnstenginguna. Rafmagnstenging skipa mun ekki eiga við skip sem leggja að Skarfabakka. Það kemur HER á óvart hve gert er ráð fyrir lítilli lækkun hljóðstigs með tilkomu raftenginga. Þýðir þetta að skip verði enn með ljósavélar í gangi þrátt fyrir raftengingu? Þá veltir HER því fyrir sér hversvegna verður ekki gert ráð fyrir raftengingu við Skarfabakka.




**Kafli 4.6.4.3 Sviðsmynd 3: Byggingar á nýjum hafnarbakka.** Í umfjöllun um þessa sviðsmynd er talið að byggingar á nýjum hafnarbakka myndu aðeins leiða til um 1 dB lækkunar á hljóðstigi í byggð. HER bendir á að mannseyrað nær ekki að greina þann mun. Aðgerðin er því ekki að ná árangri við að draga úr ónæði í byggð.


**Kafli 4.6.5. Mótvægisáðgerðir.** Ráðlagt er að koma upp rafmagnstengingu skipa þar sem það gæti lækkað hljóðstig í nærliggjandi íbúðahverfum um 1-2 dB, auk annarra kosta sem fylgja rafmagnstengingu skipa. HER ítrekar hér fyrir athugasemd að raftenging virðist skila mun minni hávaðaminnkun en búast mætti við. Svo lítil lækkun gerði lítið til að draga úr ónæði í byggðinni.

**Kafli 4.6.6 Niðurstaða – áhrif á hljóðvist.** Að mati HER eru áhrif á hljóðvist mjög vanmetin og á heildina lítið lítil árangur af þeim mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til.

**Kafli 4.7.5 Mótvægisáðgerðir.** Ef breytingar á setflutningum vegna framkvæmdanna leiða til þess vandamáls að meira magn fínafna setjist á hafnarsvæðinu er rætt um að skoða sem mögulega mótvægisáðgerð að færa hluta fínafnanna inn fyrir hafnarsvæðið, að mynni Grafarvogs og Elliðaárósa þegar dýpkunarframkvæmdir eiga sér stað. HER telur þetta ekki æskilega mótvægisáðgerð þar sem fínafnið orðið mengað ef það safnast fyrir inni á hafnarsvæðinu.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

  
Svava S. Steinarsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi

  
Guðjón I. Eggertsson  
Heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun  
b.t. Jakobs Gunnarssonar  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. febrúar 2022  
Tilvísun: 202112-0029  
SS/LA  
SS

**Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu um Þróun Sundahafnar í Reykjavík.**

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 10. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu um framkvæmdir Faxaflóahafna við þróun Sundahafnar í Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir um málið á fyrri stigum, nú síðast umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar þann 3. febrúar 2021.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlunina komu fram ýmsar athugasemdir. Vísað verður í þær athugasemdir í umfjöllun um einstök efnisatriði hér á eftir.

Almennar athugasemdir.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að umhverfismatsskýrslan sé ítarleg og umfjöllun um áhrif ólíkra þátta á helstu umhverfisþætti vandlega reifuð miðað við fyrirbyggjandi gögn. Þá hefur verið brugðist við mörgum af athugasemdum Náttúrufræðistofnunar úr umsögn um matsáætlun.

Hins vegar getur Náttúrufræðistofnun ekki tekið undir endanlega niðurstöðu matsins um að áhrif á fuglalíf og botndýralíf verði metin óverulega neikvæð. Er það einkum vegna þess að stofnunin telur að safna hefði átt frekari gögnum um bæði fuglalíf og botndýralíf á sjálfu áhrifasvæði framkvæmdarinnar en mest er stuðst við gögn frá aðliggjandi svæðum og þau gögn sem eru innan áhrifasvæðisins eru töluvert komin til ára sinna eins og botndýrarannsóknin frá 2002. Náttúrufræðistofnun benti á mikilvægi þess að styrkja gagnagrunn með frekari athugunum. Nánar verður fjallað um þetta í umfjöllun um einstaka efnisþætti hér á eftir.

Niðurstaða umhverfismatsins byggist að mestu á þeirri staðreynd að framkvæmdasvæðið er í heild sinni mikið raskað og undir töluverðu álagi og einnig að verndargildi þess er ekki metið hátt. Náttúrufræðistofnun telur að horfa þurfi betur til þess þáttar umhverfismatsins sem er samlegðaráhrif ólíkra framkvæmda. Það skortir betri heildarsýn á hvernig náttúrufrar þessa svæðis, Viðeyjarsund, Elliðavogur og nálæg náttúrusvæði, er að verða fyrir áhrifum af því mikla álagi sem er til staðar vegna athafna og framkvæmda. Þetta skiptir máli því mjög



verðmæt náttúruverndarsvæði eru í næsta nágrenni og hafa nú þegar orðið fyrir ýmsum áhrifum. Hér er t.d. Grafarvogur sérstaklega mikilvægur því um er að ræða mikilvægt fuglasvæði sem og svæði á náttúruminjaskrá og sem tilnefnt hefur verið á B-hluta náttúruminjaskrár af Náttúrufræðistofnun ásamt þeim hluta Elliðavogs sem ekki hefur verið raskað. Þarna eru mikilvægar fæðuöflunar- og farstöðvar fugla og fiska sem ber að vernda eins og kostur er. Einnig ber að nefna Viðey og Engey, sem og Elliðaár sem einnig eru á náttúruminjaskrá. Þó svæði séu staðsett í miðri borg og hafi þegar verið raskað geta þau haft mikið gildi fyrir líffræðilega fjölbreytni og taka þarf tillit til þess.

Náttúrufræðistofnun telur að fjalla hefði mátt mun betur um samlegðarráhrif ólíkra framkvæmda á þetta viðkvæma náttúrusvæði í umhverfismatsskýrslunni. Þótt áætlaðar stakar framkvæmdir við Sundahöfn og í Viðeyjarsundi hafi ef til vill ekki einar og sér mikil eða langvarandi neikvæð áhrif á lífríki svæðisins þá verður að skoða áhrif ólíkra framkvæmda á svæðið í heild. Mjög mikið rask og álag á lífríki vegna margs konar starfsemi einkennir sögu Elliðavogs og Viðeyjarsunds en aldrei hefur verið lagt heildstætt mat á hvernig lífríkið hefur tekið breytingum vegna þessa eða hvert þol þess er fyrir stöðugu og sívaxandi álagi. Löngu tímabært er að leggja heildstætt mat á þetta og fylgjast með hvernig áframhaldandi breytingar og notkun svæðisins hefur áhrif á lífríki þess frekar en að einblína alltaf á eina framkvæmd í einu.

#### Athugasemdir um einstök efnisatriði frummatsskýrslu:

##### Framkvæmdasvæði.

Náttúrufræðistofnun benti á í umsögn sinni um matsáætlun að afmörkun áhrifasvæðis væri full þröng og þyrfti að ná yfir allt Viðeyjarsund sem og ósa Elliðaárvogs. Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að áfram sé miðað við 50 metra út fyrir afmarkað framkvæmdasvæði en við mat á sumum áhrifaþáttum eins og sjónræn áhrifum, gruggi og hávaða séu metin áhrif út fyrir áhrifasvæðið. Náttúrufræðistofnun telur að þar sem mikið var stuðst við gögn utan áhrifasvæðis t.d. um fuglalíf, botndýralíf o.fl. hafi ekki verið nein ástæða til að víkka ekki út formlegt áhrifasvæði, ekki síst vegna samlegðaráhrifa við aðrar framkvæmdir í næsta nágrenni eins og vísað var í hér að framan.

##### Framkvæmdalýsing

Landfyllingar verða á áður röskuðum svæðum en efnisþörfin er umtalsverð. Í umsögn um matsáætlun benti Náttúrufræðistofnun á að koma þyrfti fram hvaðan allt efni í landfyllingar kæmi. Þessu er svarað í umhverfismatsskýrslunni en fyrir utan stærstan hluta efnis sem kemur úr dýpkunarframkvæmdum nýtist efni frá öðrum framkvæmdum sem safnað er á móttökusvæði Faxaflóahafna. Einnig kemur fram í hvaða námur þarf að sækja efni ef þörf er á.

Dýpkun í Viðeyjarsundi er viðamesti framkvæmdaliðurinn. Athugasemd Náttúrufræðistofnunar um hvar dýpkunarefni sem ekki nýtist við landfyllingar í Sundahöfn verður notað er svarað að mestu með því að nefna nokkrar landfyllingar sem eru í



undirbúningi í Reykjavík á næstunni eða mögulegar framtíðarlandfyllingar t.d. tengt Sundabraut. Afgangsefni verður losað í gamalt námusvæði við Engey. Í umhverfismatsskýrsluna vantar að komi fram að sú losun á sér stað nálægt mörkum friðlýsingar Akureyjar. Þar sem framkvæmdatíminn nær yfir allt að 20 ár er ljóst að óvissa ríkir um endanlegt fyrirkomulag á notkun dýpkunarefnisins. Ef breytingar verða á áformum um notkun þarf að leggja mat á hver umhverfisáhrif af losun efnis sé á þeim stöðum sem verða fyrir valinu.

### Mat á umhverfisáhrifum

Áhrif á fuglalíf eru metin óverulega neikvæð. Eins og fram kom hér að framan telur Náttúrufræðistofnun að þrátt fyrir ítarlega umfjöllun um þau gögn sem stuðst var við þá hefði verið æskilegra að fara eftir ábendingum stofnunarinnar um að fara í nýjar athuganir á búsvæðum fugla á áhrifasvæðinu í Viðeyjarsundi. Vissulega er engum varplöndum raskað en hafsvæðið á þessum slóðum er mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir fugla á ólíkum árstímum. Ekki hefur verið kannað að fullu hvar fuglar halda sig mest við fæðuöflun í Viðeyjarsundi. Mikilvægi svæðisins getur einnig verið breytilegt eftir því hvenær og hvar fiskigöngur birtast en mikið af fuglum sem halda sig til á svæðinu eru fiskiætur t.d. skarfar, fiskiendur og máfar. Áhrif framkvæmdanna á göngur laxfiska og annarra fiska um svæðið skiptir því máli fyrir fuglalífið. Röskun á botndýralífi vegna dýpkunarframkvæmda og landfyllinga mun einnig hafa áhrif á fæðuöflunarmöguleika fugla sem éta einkum hryggleysingja á botni eins og æðarfuglar. Ekki hefur verið kannað að fullu hversu mikið æðarfuglar nýti dýpkunarsvæðið til fæðuöflunar en í umhverfismatsskýrslunni er það talið ólíklegt að svæðið sé mikilvægt fyrir þá. Hér hefðu sértæk gögn verið til mikils gagns. Þá ber að geta þess að framkvæmdatíminn er langur og því óvíst hversu fljótt og vel botndýralíf endurheimtist.

Umfjöllun um samlegðaráhrif á fuglalíf í Elliðavogi og Grafarvogi vegna þeirra fyrirhuguðu framkvæmda sem eru á svæðinu er ekki nægjanlega góð í umhverfismatsskýrslunni að mati Náttúrufræðistofnunar. Stiklað er á stóru á áhrifum einstakra framkvæmda en í raun ekki lagt mat á samlegðaráhrifin. Er þetta hluti af skorti á heildstæðri sýn á ástand lífríkis á svæðinu og áhrifa ólíkra álagsþátta eins og þegar hefur komið fram í umsögninni.

Fjallað er um gruggmengun í kafla 4.3. um áhrif á botnset og vísað í ólíkar aðferðir við efnistöku á hafsbotni og hvernig koma má í veg fyrir gruggmengun. Þar sem vitað er að mengað set finnst á athafnasvæðinu er afar mikilvægt að stuðst sé við aðferðir sem draga úr gruggmengun og að fylgt sé reglum og ábendingum Umhverfisstofnunar við meðferð mengaðs botnsets. Stefnt er að því að flytja mengað botnset til og koma því fyrir inni í landfyllingum. Ljóst er að flytja þarf mengað set til og huga þarf afar vandlega að því að menguð efni berist ekki í of miklum mæli út í umhverfið. Vakta þarf vel árangur við að loka mengað efni af inni í landfyllingum og fylgjast með hvort efnin séu að losna út í sjó. Þá ætti að forðast framkvæmdir við dýpkun á fartíma fiska þar sem mengað botnset er til staðar og þegar mest hættu er á gruggmengun.

## Botndýralíf

Áhrif á botndýralíf eru einnig metin óverulega neikvæð. Líkt og með fuglalíf skortir hér nýleg gögn um botndýralíf á sjálfu áhrifasvæðinu þar sem búsvæðum þeirra verður raskað. Eldri rannsóknir benda til þess að þótt botndýralíf á áhrifasvæðinu og nálægum svæðum teljist ekki sérstakt og þ.a.l. ekki með mjög hátt verndargildi þá finnast þar ólík búsvæði botndýra og ýmsar tegundir. Náttúrufræðistofnun vill benda á að allmargar framkvæmdir við efnistöku, landfyllingar o.fl. sem raskar búsvæðum botndýra hafa átt sér stað í innanverðum Kollafirði. Alloft hefur í umhverfismati eða við leyfisveitingar verið bent á að á framkvæmdasvæði sé botndýralíf ekki ólíkt því sem það er annars staðar í nágrenninu og þannig rökstutt að óhætt sé að raska því. Náttúrufræðistofnun telur að það skorti mjög heildstætt mat á sérkennum og stöðu botndýrasamfélaga í innanverðum Kollafirði, möguleikum til endurheimtar eftir að framkvæmdum við t.d. efnistöku eða haugsetningu er lokið, og hver þolmörk eru. Kollafjarðarsvæðið er mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir marga dýrahópa t.d. fugla, seli og fiska sem nýta sér botndýr sem fæðu. Stöðugt rask víða á svæðinu vegna framkvæmda mun óneitanlega hafa afleiðingar fyrir langtímastöðugleika vistkerfisins og þeirra tegunda sem þar finnast. Viðeyjarsund er mjög miðsvæðis á þessu stærra svæði og undir miklu álagi vegna nálægðar við starfsemi hafnarsvæðisins og ýmissa fleiri framkvæmda, og því mikilvægt að vel sé fylgst með ástandi botndýralífs á svæðinu.

## Laxfiskar

Áhrif á laxfiska eru einnig metin óverulega neikvæð. Gögn um ferðir laxfiska á svæðinu eru frekar góð og sýna að fiskarnir dvelja ekki lengi á svæðinu á leið sinni til eða frá Elliðaám. Ekki er þó fjallað um mun milli tegunda t.d. er vitað að sjóbirtingur dvelst meira á svæðinu til langs tíma en farlax. Þá á það sama við um laxfiska eins og annað lífríki að samlegðaráhrifin skipta hér miklu máli. Þetta er ávarpað á skýrari hátt í kafla 4.5.4.1 en í umfjöllun um annað lífríki og ljóst að sífellt er verið að þrengja að laxfiskum og búsvæði þeirra. Afar mikilvægt er að vakta langtímaáhrif á laxfiska á svæðinu samhliða öllum framkvæmdum. Þar sem áætlaður framkvæmdatími við dýpkunarframkvæmdir í Viðeyjarsundi er allt að 20 ár er ljóst að álag á svæðinu verður nokkuð langvarandi og hætta á t.d. gruggmengun til staðar í langan tíma jafnvel þó hún verði fyrir vikið ekki eins mikil hverju sinni. Vakta þarf möguleg áhrif gruggmengunar á laxfiska á framkvæmdatímabilinu.

## Straumar og setflutningar

Áhrif á strauma og setflutninga eru metin óverulega neikvæð. Byggt er á straumlíkönnum og upplýsingum um dýpt og botngerð. Ljóst er að breytingar verða á straumhraða innan svæðisins, einkum hægir á straumhraða á áætluðum dýpkunarsvæðum í Viðeyjarsundi. Þetta getur leitt til þess að setsöfnun muni aukast þar og minna set því berast áfram til Grafarvogs eða Elliðaárósa. Vatnsskipti eru ekki talin breytast á svæðinu. Mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að fylgjast vel með hvernig breytingar á straumhraða og setflutningum hafa áhrif á fjörusvæði, sérstaklega í Grafarvogi þar sem eru lífmiklar leirur



sem eru afar mikilvæg fæðuöflunarsvæði fyrir fugla. Ekki dugar þó að fylgjast einungis með breytingum á áætluðu framkvæmdasvæði í Viðeyjarsundi. Þörf er á heildstæðari vöktun sem tekur einnig tillit til annarra breytinga t.d. í Elliðavogi. Lítið eitt er minnst á mótvægisáðgerðir t.d. að flytja fínefni af hafnarsvæði í mynni Grafarvogs og Elliðaárósa en þessu er ekki lýst nákvæmlega.


#### Samantekt

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að umhverfismatsskýrslan sé mjög ítarleg og ágætlega unnin en styrkja hefði mátt til muna gagnagrunn fyrir fuglalíf og botndýralíf, sérstaklega þar sem gögn voru fyrst og fremst fengin úr eldri athugunum og þau nýlegustu voru úr næsta nágrenni framkvæmdasvæðis en ekki innan þess. Mun betra mat á búsvæðum fugla og botndýra og verndargildi þeirra hefði verið hægt að fá með athugunum í öllu Viðeyjarsundi. Þar af leiðandi getur Náttúrufræðistofnun ekki tekið undir að fullu niðurstöðu umhverfismats um að áhrifin séu óverulega neikvæð fyrir nær alla umhverfisþætti. Miðað við eðli svæðisins sem vissulega er mikið raskað þá er kannski ekki líklegt að betri gögn myndu rökstyðja að áhrifin væru verulega neikvæð en mögulega talsvert neikvæð.

Eins og fram kom í upphafi vegur þyngst að mati Náttúrufræðistofnunar að það skortir heildstætt og greinargott mat á samlegðaráhrif þeirra allmörgu framkvæmda sem hafa átt sér stað eða eru áætlaðar á heildarsvæðinu sem nær frá mynni Viðeyjarsunds inn að Elliðaárósum og í Grafarvog. Hátt verndargildi og verndarstaða fjörusvæða og búsvæða fugla fyrir innan Viðeyjarsund kallar á slíka greiningu og nálgun við umhverfismat. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að styrkja verklag við greiningu á samlegðaráhrifum í umhverfismatsferlinu.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt í ljósi áframhaldandi framkvæmda á svæðinu og langtímasögu röskunar og álags fyrir lífríki, að markviss langtímavöktun lífríkis sé þar sett á laggirnar. Það á við um fuglalíf, laxfiska og botndýralíf, en mögulega fleiri þætti. Faxaflóahafnir sem langstærsti framkvæmda- og athafnaaðilinn á svæðinu ætti að beita sér fyrir því að setja á stökk slíka vöktun í samstarfi við t.d. Reykjavíkurborg. Þannig er best hægt að meta samlegðaráhrif, árangur mótvægisáðgerða þar sem það á við og móta nauðsynleg viðbrögð og ákvarðanatöku varðandi t.d. skipulag og frekari framkvæmdir.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍKReykjavík, 7. febrúar 2022  
Tilvísun: OS2021120027/22.2  
Verknúmer: 3340300**Efni: Umsögn Orkustofnunar um umhverfismatsskýrslu um þróun Sundahafnar í Reykjavík**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 10. desember 2021, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um umhverfismat vegna fyrirhugaðrar þróunar Sundahafnar í Reykjavík, með vísan til 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, skal í umsögn koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Þá er þess óskað að Orkustofnun geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og framkvæmdin er háð.


Orkustofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins, er íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera.

Leit, rannsóknir og nýting efnis af hafsbotni eða úr honum utan netlaga eru óheimilar án skriflegs leyfis Orkustofnunar, sbr. 2. og 3. gr. laganna. Eins og fram kemur á bls. 19 í umhverfismatsskýrslu á þetta ákvæði jafnframt við um dýpkun en Orkustofnun telur að koma þyrfti skýrt fram að leyfisveiting stofnunarinnar á einungis við um dýpkun utan netlaga. Þá skal jafnframt að haga í huga að Orkustofnun ber við leyfisveitngar að gæta að framangreindum hagsmunum íslenska ríkisins, sbr. t.a.m. 2. mgr. 3. gr. laganna. Eftirfarandi umfjöllun er miðuð út frá framangreindu hlutverki stofnunarinnar.

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að fyrirhugað sé að nýta upptekið efni af hafsbotni til landfyllinga á hafnarsvæðinu og öðrum þróunarsvæðum eftir því sem tók verða á, en verið geti að hluta efnis verði varpað í hafið í aflagða námu við Engey. Stofnunin vekur athygli á því að umrædd náma er norðvestan Engeyjar, ekki norðaustan líkt og tilgreint er á nokkrum stöðum í texta. Orkustofnun veitti Björgun leyfi til hagnýtingar jarðefna af hafsbotni utan netlaga austan og norðaustan Engeyjar þann 17. mars 2021, sjá myndir hér fyrir aftan.

Orkustofnun bendir á að að öllu jöfnu er gnægð lausra jarðefna í fjörðum landsins, hvort sem það eru hjallar ofan sjávarmáls sem bera vitni um hærrí sjávarstöðu í lok síðustu ísaldar, árset, jökulættað set ýmiskonar, sjávarset við núverandi strandlínur ellegar á hafsbotni. Hins vegar er ekki hægt að fullyrða um að á hverjum stað sé að finna hinar mismunandi setgerðir, þ.m.t. með tilliti til kornastærðar, kornastærðardreifingar, berggerðar og annarra efniseiginleika sem afmarka hina mismunandi notkunarmöguleika efnis.






Til vinstri er sýnd aflögð náma við Engey (nr. 14) sem áformað er að nýta til varps dýpkunarefna ef þörf er á en hægra megin er sýnt leyfissvæði Björgunar við Engey.


Þá er vinnsla lausra jarðefna á landi víða annmörkum háð vegna ásýndar eða annarra umhverfisáhrifa. Því er eðli ábyrgrar notkunar lausra jarðlaga á landi sem og af hafsbotni að efni sé nýtt á þann hátt sem það hentar best, og að hágæðaeefni sé ekki notað í framkvæmdir þar sem efniseiginleikar skipta litlu máli, nema að vel athuguðu máli. Samkvæmt umhverfismatsskýrslu er fyrirhugað dýpkunarefni að mestu leyti silt og leir sem er of finkorna til að það nýtist til annarrar mannvirkjagerðar en landfyllinga. Með skynsamlegri nýtingu slíks efnis til landgerðar dregur úr þörf á að nýta annað efni, sem nýta mætti til annarra framkvæmda.

Orkustofnun bendir jafnframt á að ef þörf verður á að varpa dýpkunarefni í hafið verði svo ekki gert á svæðum þar sem nýtanleg jarðefni finnast. Í því tilefni bendir stofnunin á að við mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku í Kollafirði árið 2008 (sbr. álit Skipulagsstofnunar þar að lútandi dags. 20. nóvember 2008), var komist að þeirri niðurstöðu að frekari efnistaka í námunni NV við Engey myndi leiða til aukins strandrofs. Orkustofnun hefur því ekki veitt frekari heimildir til efnistöku á því svæði. Gerir stofnunin því ekki fyrir sitt leyti athugasemdir við að efni verði varpað í hafið á því tilgreinda svæði.


Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við framlagða umhverfismatsskýrslu. Stofnunin bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsókna vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,  
f.h. orkumálastjóra

  
Kristján Geirsson  
verkefnastjóri

  
Harpa Þórunn Pétursdóttir  
lögfræðingur

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 26 jan. 2022
Málnr. _____

Reykjavík, miðvikudagur, 21. janúar 2022  
UST202112-138/B.S.  
10.05.03

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Sundahöfn. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. desember 2021 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hugmyndir um þróun Sundahafnar.


Þær framkvæmdir sem hér er fjallað um fela í sér mjög mikla efnisflutninga vegna dýpkunarframkvæmda og „haugsetningu“ efnis í námu við Engey. Þau svæði sem verða fyrir áhrifum eru þegar röskuð vegna fyrri efnistöku og dýpkunarframkvæmda. Því telur Umhverfisstofnun að umhverfisáhrif þessara framkvæmda séu ekki í samræmi við það efnismagn sem hér um ræðir.

Umhverfisstofnun telur að skoða eigi hvort haga skuli verktíma í samræmi við göngu laxfiska eins og ráðgert er við landfyllingu í Elliðaárvogi. Einnig ætti að fá staðfestingu Hafrannsóknarstofnunar á því að gruggmyndun samfara dýpkunarframkvæmdum hafi takmörkuð neikvæð áhrif á göngur laxfiska og einnig að farleiðir fiska liggi að hluta til norðan Viðeyjar og því fjarri framkvæmdasvæðum. Því sé ekki ástæða til að setja verktíma takmörk.

Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort einhverjir möguleikar séu á því að nýta einhvern hluta þess efnis sem dælt verður upp í stað þess að varpa þeim í hafið á efnistökusvæði við Engey.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur



Reykjavík, 31. 1. 2022  
Tilvísun: 2020010029/EBH

Jakob Gunnarsson  
Sérfræðingur  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)  
[jakob.gunnarsson@skipulag.is](mailto:jakob.gunnarsson@skipulag.is)

## Efni: Þróun Sundahafnar. Umhverfismatsskýrsla.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrslu vegna þróunar Sundahafnar, dags. 24. 11. 2021.

Tryggja skal samvinnu vegna þátta er snúa að starfssviði Vegagerðarinnar svo sem hvað varðar hafnir, siglingaleiðir og þjóðvegi.

Virðingarfyllst,

Erna Bára Hreinsdóttir,  
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Reykjavík, 31.. janúar 2022

## Varðar: Athugasemdir við umhverfismatsskýrslu um þróun Sundahafnar

Eimskip hefur farið yfir umhverfismatsskýrslu Faxaflóahafna um þróun Sundahafnar, dags. 24.11.2021. Almennt er gerð ágæt grein fyrir helstu umhverfisáhrifum framkvæmdar og vægismati þeirra. Eimskip vill þó gera athugasemdir við umfjöllun um hljóðvist og vægismat áhrifa fyrir þann umhverfisþátt. Grunnástand, tilgreind áhrif og viðmið gefa ekki tilefni til þess að meta umfang framkvæmdanna sem *talsvert neikvæð* á hljóðvist. Það er mikilvægt að niðurstaða umhverfismats sé gagnsæ og að unnt sé að skilja hvernig komist er að niðurstöðu um vægi áhrifa, þar sem hún kann að hafa talsvert áhrif á ýmis starfsskilyrði í Sundahöfn. Öll umgjörð fyrir hafnarsvæðið þarf að vera skýr þar sem Sundahöfn er umfangsmesta hafnarsvæði á Íslandi og afar mikilvæg fyrir efnahags- og atvinnulíf Reykjavíkurborgar, höfuðborgarsvæðisins og landsins alls.

Eimskip telur að m.v. fyrirbyggjandi gögn sé ekki unnt annað en að meta áhrif á hljóðvist sem *óveruleg*, og í samræmi við það þurfi að uppfæra niðurstöðu umhverfismatsins.

Eftirfarandi eru athugasemdir um einstaka þætti í umfjöllun umhverfismatsskýrslu.

### Grunnástand

Til þess að geta metið vægi umhverfisáhrifa af framkvæmd er mikilvægt að fyrir liggja upplýsingar um grunnástand, eins og kynnt er í kafla 4.1 umhverfismatsskýrslunnar. Ekki liggur fyrir hljóðkort sem sýnir grunnástand m.v. hljóðstigsmælingar frá 2015. Í umfjöllun í kafla 4.6.3 um grunnástand (hljóðvistar) er vísað til þess að frá meðalstarfsemi fari jafngildishljóðstig ekki yfir viðmiðunarmörk, en fer yfir mörkin að nóttu til við hluta Kleppsvegar.

### Áhrif á hljóðvist

Gerð er athugasemd við vægismat áhrifa á hljóðvist í umhverfismatsskýrslu, þar sem það er ekki í samræmi við skilgreiningu vægiseinkunnna í töflu 4.1 eða þær niðurstöður sem eru kynntar í umhverfismatsskýrslunni.

Í kafla 4.6.4.1 er fjallað um áhrif við stækkun Sundahafnar og óbreytt umfang hafnarstarfsemi. Áhrif eru metin *óveruleg jákvæð* á íbúðabyggð frá Kleppsvægi 62 og að Sæviðarsundi við Kleppsvæg, þar sem hafnarbakkinn sem liggur næst þessum hverfum færast fjær. Þetta er það hverfi þar sem jafngildishljóðstig frá hafnarstarfseminni reiknast hæst og getur farið yfir viðmiðunarmörk hávaðareglugerðar að degi til þegar hámarksstarfsemi er í gangi við Sundahöfn. Eftir stækkun hafnarsvæðisins má reikna með að það gerist sjaldnar að hljóðstig fari yfir viðmiðunarmörk hávaðareglugerðar.


Fyrir íbúðahverfið við Njörvasund og hverfið þar fyrir ofan ásamt syðri hluta Hamrahverfis eru áhrifin talin *óveruleg jákvæð* sem skýrist af því að Vogabakki er lengdur til norðurs og reiknað er með að hluti starfseminnar færast yfir á nýjan hluta Vogabakka.

Fyrir önnur íbúðahverfi í nágrenni hafnarsvæðisins eru áhrifin talin vera *talsvert neikvæð*, þ.e. hljóðstig frá hafnarstarfseminni mun líklega hækka, en þó þannig að viðmiðunarhljóðstig að degi til verður áfram innan viðmiðunarmarka hávaðareglugerðar í þeim hverfum en getur áfram farið yfir viðmiðunarmörk að kvöldi og nóttu til.

Heildaráhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist miðað við óbreytt umfang starfsemi eru metin *talsvert neikvæð*, þar sem stærri hluti íbúa innan áhrifsvæðis verður fyrir *talsvert neikvæðum* áhrifum.

Mynd 4.14, sýnir breytingu á hljóðstigi m.v. núverandi ástand. Ef afmörkuð eru ofangreind svæði þar sem hljóðvist verður betri kemur skýrt fram að það á við stærstan hluta íbúðarhverfa í nágrenni hafnarinnar. Samkvæmt umhverfismatsskýrslu er talið að hljóðstig muni hækka á öðrum íbúðarsvæðum en hér eru afmörkuð á eftirfarandi mynd. En þó kemur það fram að hljóðstig verði innan við viðmiðunarmörk í reglugerð um hávaða að degi til, en geti farið yfir viðmiðunarmörk að kvöldi og nóttu til.





Mynd með afmörkun á svæðum þar sem hljóðstig er talið verða betra

Þar sem ekki liggur fyrir yfirlitskort af grunnástandi hljóðvistar er rétt að vísa til kortlagningar á grunnástandi hljóðstigs sem er að finna í skýrslunni Kortlagning hávaða (Vegagerðin og Reykjavík, 2018). Hávaðakortin í þeirri skýrslu sýna annars vegar hljóðstig að degi til og hins vegar að nóttu til, miðað við mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi samkvæmt reglugerð um hávaða, þ.e.  $L_{day} = 55 \text{ dB(A)}$  og  $L_{night} = 40 \text{ dB(A)}$ . Samkvæmt þeirri greiningu er enginn íbúi talinn verða fyrir hávaða sem fari yfir viðmiðunarmörk á daginn, en að innan við 100 íbúar að nóttu til.

Um er að ræða mismunandi mælieiningar, annars vegar í skýrslu um kortlagningu hávaða og hins vegar í reglugerð um hávaða. Engu að síður hlýtur hljóðvistarkort sem Vegagerðin og Reykjavík birtu 2018 að gefa mikilvægar upplýsingar um umfang áhrifa frá hafnarstarfsemi á hljóðstig.

Auk þess telur Eimskip að viðmið fyrir vægiseinkunnina *talsverð neikvæð*, skv. í töflu 4.1, eigi ekki við um niðurstöðu umhverfismatsskýrslu um hávaða. Eimskip hefur farið yfir viðmiðin og tengsl þeirra við umfjöllun um hávaða:

Talsverð neikvæð áhrif
<p>Viðmið : Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufrags og fornminja.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Eimskip telur að áhrifin taki ekki til umfangsmikils svæðis eða að það geti verið skilgreint sem viðkvæmt fyrir breytingum. Svæði fyrir Klepp og leikskóla getur þó vissulega fallið undir sérstök viðmið.</li> </ul>
<p>Viðmið : Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónáði eða óþægindum.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Eimskip telur að á mjög afmörkuðum svæðum geti hávaði frá hafnarstarfsemi aukist. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er sá fjöldi lítill, innan við 100. Jákvæð breyting á hljóðstigi nær hins vegar til talsvert stærri fjölda.</li> </ul>
<p>Viðmið : Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Eimskip telur að áhrifin séu afturkræf, þar sem unnt er að hafa bein áhrif á hljóðuppstrettu, meðal annars liggur fyrir að frekari orkuskipti muni hafa jákvæð áhrif á hljóðvist.</li> </ul>
<p>Viðmið : Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Eimskip telur skýrt að samkvæmt öllum útreikningum og fyrirliggjandi gögnum eru áhrif mjög staðbundin.</li> </ul>
<p>Viðmið : Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Eimskip telur niðurstöður útreikninga og umfjöllun í umhverfismatsskýrslu gefa skýrt til kynna að hávaði frá atvinnustarfsemi eftir breytingar á Sundahöfn séu í langflestum tilvikum innan viðmiðunarmarka sem koma fram í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.</li> <li>Uppbygging og þróun Sundahafnar er í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar í skipulagsmálum.</li> </ul>

Viðmið fyrir *óveruleg áhrif* eiga hins vegar vel við um áhrif á hljóðvist í tilviki Sundahafnar. Þau eru :

- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum.
- Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf.
- Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin.
- Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

### **Mótvægisáðgerðir og vöktun**

Í umhverfismatsskýrslu er taldar upp mögulegar mótvægisáðgerðir sem koma til greina til að draga úr áhrifum á hljóðvist. Þær eru þó flestar á forræði fyrirtækjanna sem að nota höfnina. Eimskip getur tekið undir að þær mótvægisáðgerðir sem taldar eru upp geti dregið úr umhverfisáhrifum. En forsendur fyrir slíkum áðgerðumhljóta þó að vera að neikvæð áhrif teljist ekki ásættanleg. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar í umhverfismatsskýrslu er því ekki til að dreifa og því að mati Eimskips ekki forsendur til að ákveða sérstakar áðgerðir.

Eimskip telur mikilvægt að vakta hljóðstig, eins og boðað er í umhverfismatsskýrslu, þ.e. að setja upp hljóðmæla til vöktunar á þremur stöðum: Á Skarfabakka, Sundabakka og Vogabakka. Samkvæmt upplýsingum í umhverfismatsskýrslu er talið að vöktun á hljóðstigi geti haft bein áhrif á vinnulag og vinnutíma fyrirtækja í Sundahöfn, þar sem upplýsingar berast þeim í rauntíma þegar hljóðmælingar fara yfir þau mörk sem sett eru. Einnig getur vöktunin nýst þegar um er að ræða kvartanir frá íbúum fyrir ákveðin tímabil.

Í því samhengi telur Eimskip það vera mjög mikilvægt að unnt verði að greina uppsprettu hávaða, þannig að unnt verði að beina tilmælum og/eða áðgerðum í réttan farveg. Sem dæmi má nefna að það eru margvíslegar framkvæmdir á döfni í nágrenni hafnarsvæðisins og umferð um Sæbraut hefur mikil áhrif á hljóðvist.

### **Niðurstaða**

Markmið með þróun Sundahafnar er einkum að styrkja hlutverk hafnarinnar sem flutningahöfn með fjölbætt hlutverk. Stækkun hafnar við Skarfabakka miðar að því að auka almennt athafnarými vöruflutningahafnarinnar og bæta þjónustu hafnarinnar. Allar áðgerðir sem koma til með að takmarka eða skilyrða starfsemi á hafnarsvæðum þurfa því að byggja á góðum grunni og fylgja skýr rökstuðningur, þar sem vöruflutningahöfn sinnir mikilvægu hlutverki í aðfangakeðju samfélagsins.

Mikilvægt er að gera grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem líklegt er að fylgi þróun Sundahafnar. Vægismat þeirra þarf að byggja á fyrirbyggjandi viðmiðum, rannsóknnum og framlögðum gögnum. Eimskip telur að breyta þurfi niðurstöðu umhverfismats varðandi áhrif á hljóðvist og hún verði *óveruleg* í stað *talsvert neikvæð*.

Virðingarfyllt,

Hilmar Pétur Valgarðsson

Framkvæmdarstjóri Rekstrarsviðs